


## 2 Svefnherbergi Þakíbúð - Penthouse in Torrevieja

Ref: 713P

**302.000€**



**Tegund eignar :** Þakíbúð -  
Penthouse

**Bæjarfélag / Hverfi :**  
Torrevieja

**Izona :** Costa Blanca Sur

**Svefnherbergi :** 2

**Baðherbergi :** 1

**Byggingarár :** 2025

**Sundlaug :** Í sameign

**Garður :** Nei

**Eignin snýr :** til norð-vesturs

**Útsýni :** Ósnortin náttúra

**Bílastæði :** Bílastæði í  
byggðarkjarna

**Fermetra stærð  
eignar :** 141 m<sup>2</sup>

**Stærð verandar :** 20 m<sup>2</sup>

**Stærð þaksvala :** 46 m<sup>2</sup>

**Flugvöllur :** 40

**Strönd :** 10

**Borg :** 10

**Golf :** 20

✓ Húsgögn fylgja með

✓ Loftkæling

Falleg þakíbúð í glænýjum fallegum kjarna rétt hjá vinsæla bleika saltvatninu í Torrevieja.

Íbúðin er 141m<sup>2</sup> með 2 svefnherbergjum og 1 baðherbergi, bjart og fallegt alrými með eldhúsi og fallegri stofu sem labbað er út á 20m<sup>2</sup> svalir og 46m<sup>2</sup> þaksvalir með útsýni á fallegann grænann sameiginlegan garð.

Aðgangur að glæsilegum sameiginlegum garði fylgir einnig, sem vaktaður er með myndavélakerfi, en í honum er að finna sundlaug, líkamsrækt, sameiginlega vinnuaðstöðu, tennis, fótbolta og körfuboltavöll, leiksvæði fyrir þau yngstu, SPA og einnig snyrtistofu.

Erum með mikið úrval eigna í þessum sama íbúðarkjarna

Þessi íbúðarkjarni er staðsettur rétt við „bleika“ saltvatnið í skemmtilegu og líflegu borginni Torrevieja. Fyrir náttúru unnendur er vinsælt að labba eða hjóla meðfram hinum áður nefndu salt vötnum, sem eru í göngufæri frá þessari glæsilegu eign, heimili hinna bleiku flamingo fugla og njóta þar fjölbreyttrar og fallegrar náttúru og lífríkis. Í 15 mínútna fjarlægð er svo hinn spennandi og alþjóðlegi miðbær Torrevieja, 5 golfvöllir, 2 verslunarmiðstöðvar, frábært úrval veitingastaða, bara og kaffihúsa, vatnsrennibrautargarður sem og tvö heimsklassa sjúkrahús og mikið úrval hágæða spænskra sem og alþjóðlegra skóla.

Þessi eign er frábærlega staðsett til, hvort sem er, langtíma eða skammtíma dvalar.

Vertu velkomin að hafa samband til að fá frekari upplýsingar um þessa einstöku eign!